



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

SÁLF3KV05 - Kvikmyndasálfræði

Kennari	Andri Sigurðsson, Andri.sigurdsson@fss.is	
Viðtalstími	Föstudagar 9:15-10:10 eða eftir samkomulagi	
Námsefni	DSM 5 Flokkun geðraskana – Kristján Guðmundsson Hægt að nálgast í A4 eða hjá kennara	
Áfangalýsing	Nemendur kynnast sálfræðilegum veruleika út frá kvikmyndum. Mismunandi tegundir kvikmynda verða skoðaðar með það að leiðarljósi að öðlast aukinn skilning á sálfræðilegum þemum og geðrænum vandamálum. Nemendur vinna rannsóknarvinnu til að meta hversu vel mynd nær að kynna þau sálfræðilegu þemu sem hún fæst við og hversu raunhæfa mynd kvikmyndin gefur. Með linsu kvikmyndanna er skoðaðar geðraskanir, meðferðarúrræði, þroski, kynhlutverk, staðalmyndir, fordómar, heilaskaði o.fl.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Unnin verða verkefni tengt hverri kvikmynd sem er til umfjöllunar. Alls verður horft á 6-8 kvikmyndir á önninni og unnin tímaverkefni, hafðar umræður og svo skilaverkefni tengt hverri mynd.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Tímaverkefni	30%
	Skilaverkefni	50%
Lokaverkefni	20%	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Notkun gervigreindar er háð reglum áfangans.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikilvægt er að taka DSM 5 bókina með í vinnutíma Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma. Nemendur geta skilað verkefnum eftir auglýstan skiladag en lækka um 1 í einkunn fyrir hvern dag sem skilað er of seint.	
Grunnbættir menntunar	Læsi: Nemendur lesa, greina og túlka texta, hugtök, rannsóknir og gögn í tengslum við viðfangsefni áfangans. Þeir þjálfast í gagnrýnni hugsun og að miðla þekkingu á skýran hátt.	

	Sjálfbærni: Nemendur skoða til dæmis hvernig viðhorf, gildi, hegðun og ákvarðanataka geta haft áhrif á einstaklinga og samfélag. Heilbrigði og velferð: Fjallað um þætti sem tengjast andlegri, félagslegri og líkamlegri velferð. Við skoðum sjálfsmynd, tilfinningar, streitu, þroska, samskipti, hegðun og líðan. Lýðræði og mannréttindi: Unnið með lýðræði og mannréttindi í gegnum umræður um mannlega hegðun, samskipti og ólík sjónarmið. Nemendur þjálfast í að hlusta, taka þátt í umræðum, rökstyðja skoðanir og bera virðingu fyrir öðrum. Jafnrétti: Skoðum hvernig einstaklingar mótast af umhverfi sínu og samfélagslegum aðstæðum. Þar er til dæmis skoðað áhrif kyns, menningar, félagslegrar stöðu og annarra þátta á líðan og tækifæri. Sköpun: Nemendur fá tækifæri til að vinna skapandi með viðfangsefni áfangans, eftir því sem við á. Nemendur tengja fræðileg hugtök við raunveruleg dæmi, settar fram spurningar, unnin verkefni og miðlað niðurstöðum á fjölbreyttan hátt.
--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu kvikmyndum sem taka af alvöru á sálfræðilegum málum. • nokkrum helstu tegundum kvikmynda og þeirri sálfræði sem þar er á bakvið. • nokkrum grunnþáttum kvikmyndalistarinnar, sérstaklega handritum, hlutverkum og leikstíl. • umfangi þess vandamáls sem kennt er hverju sinni.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • greina sálfræðileg viðfangsefni í kvikmyndum. • bera kvikmyndir saman út frá sálfræðilegri nálgun þeirra. • finna fleiri kvikmyndir sem kynna sama þema og tekið er fyrir í áfanganum. • gagnrýna það hvernig kvikmyndir mistúlka sálfræðileg viðfangsefni.
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • meta sérstöðu kvikmyndamiðilsins • aðgreina ólíkar tegundir kvikmynda út frá sálfræðilegum þáttum. • leggja mat á gæði mynda sem metið er með umræðum um rannsóknarvinnu. • yfirfæra yfir á aðrar myndir ákveðin sálfræðileg þemu. • vega og meta það sem er rétt og rangt um sálfræðileg viðfangsefni í kvikmyndum.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Verkefnavinna	8 verkefni x 4 klst.	32 klst.
Heimavinna	16 vikur x 1 klst.	16 klst.
Lokagreining	6 klst.	6 klst.
Alls		118 klst. = 5 ein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga Kynnumst DSM-5	Tímaverkefni Umræður
2. vika 24.-28. ágúst	Horfum á Mynd 1 Verkefnavinna	Tímaverkefni Umræður
3. vika 31. ágúst-4. september	Verkefnavinna Mynd 1 Horfum á Mynd2	
4. vika 7.-11. september	Horfum á Mynd 2 Verkefnavinna	Tímaverkefni Umræður
5. vika 14.-18. september	Horfum á Mynd 3	Tímaverkefni Skilaverkefni Umræður
6. vika 21.-25. september	Verkefnavinna Horfum á Mynd 4 heima	
7. vika 28. september-2. október	Horfum á Mynd 4 heima Verkefnavinna	Tímaverkefni Skilaverkefni Umræður
8. vika 5.-9. október	Horfum á Mynd 5	Tímaverkefni Skilaverkefni Umræður
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt. Miðannarmat 13. okt.</i>	Verkefnavinna	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Horfum á Mynd 6	Tímaverkefni Skilaverkefni Umræður
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Verkefnavinna	Tímaverkefni Skilaverkefni Umræður
12. vika 2.-6. nóvember	Horfum á mynd 7	
13. vika 9.-13. nóvember	Verkefnavinna	Tímaverkefni Skilaverkefni Umræður
14. vika 16.-20. nóvember	Lokaverkefni	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Lokaverkefni	Tímaverkefni Skilaverkefni Umræður
16. vika 30. nóvember-4. desember	Lokaverkefni	Tímaverkefni Umræður

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Andri